

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 8. janúar 2010 í máli nr. E-2371/2009:

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar

(Einar Hugi Bjarnason hdl.)

gegn

A

(Guðríður Lára Prastardóttir hdl.)

Mál þetta var höfðað 25. maí 2009 og dómtekið 14. desember sama ár. Stefnandi er barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar, Hafnargötu 57, Reykjanesbæ. Stefnda er A, [...], Reykjanesbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði með dómi svipt forsjá yfir barninu B, kt. [...], sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Jafnframt er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður hver svo sem úrslit málsins verða.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

I.

Stefnda eignaðist dótturina B hinn [...] 1995. Faðir stúlkunnar er C. Stefnda fer ein með forsjá stúlkunnar. B á eldri hálfbróður, D, og býr hann á heimili stefndu.

Upphaf máls þessa er að rekja til þess að á árinu 1999 fór B í viðtöl í Barnahúsi vegna gruns stefndu um að stúlkan hefði sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi af hálfu föður síns. Rannsókn málsins leiddi ekki til útgáfu ákæru.

Með bréfi yfirfélagsráðgjafa [...], dags. 30. apríl 2003, var óskað eftir meðferðarviðtölum fyrir B hjá Barnahúsi. Í bréfinu kemur fram að ástæða beiðninnar sé sú að stúlkan hafi fyrir um fjórum árum farið í viðtal í Barnahús og stefnda sækji stíft að stúlkan fái meðferðarviðtöl vegna meints kynferðisáreitnis sem hún hefði orðið fyrir. Þá kemur fram í bréfinu að nýlega hefðu komið fram áhyggjur hjá kennara stúlkunnar vegna mikillar fjarveru stúlkunnar úr skóla. Þá sé hegðun stúlkunnar sérstök, en hún festist í hlutverki dýra og hegði sér samkvæmt því. Þá kemur fram í bréfi Barnahúss, dags. 15. maí 2003, að stefnda hafi lýst

áhyggjum af kynferðislegum leikjum sem B sýni.

Með bréfi yfirfélagsráðgjafa [...], dags. 23. maí 2003, var sótt um innlögn fyrir B á barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL) og var B sett á biðlista eftir innlögn. Þá fór hún í greiningu og meðferð í Barnahúsi.

Hinn 26. nóvember 2004 var sálfræðiathugun gerð á stúlkunni á BUGL. Í niðurstöðum segir að í svörum stefndu komi fram einkenni um að B sé með ofvirkniröskun, en samkvæmt svörum kennara hennar séu engin einkenni til staðar. Samkvæmt stefndu sé hegðun B erfið og hún sé félagslega illa stödd. Töluverð einkenni séu frá tilfinningasviði, kvíði og depurð, en samkvæmt kennara beri lítilllega á kvíða, depurð og árátuþráhyggju, auk smávægilegra félagslegra erfiðleika. Svör stefndu um félagslega hæfni B sýni mikil einkenni, en svör kennara ívið lægri. Mælt var með öflugum stuðningi frá félagsþjónustu með stuðnings fjölskyldu og liðsmönnum, auk þjálfunar í félagsfærni á BUGL.

Með beiðni yfirfélagsráðgjafa [...], dags. 4. apríl 2005, var óskað eftir því við Barnaverndarstofu að B færi í tímabundna fósturvistun að [...], í alls sex mánuði. Í beiðninni er aðdragandi fósturbeiðni rakinn. Þar segir að fljótlega eftir að B hafi byrjað í [...] í 2. bekk, vorið 2003, hafi farið að bera á slökum mætingum. Kennari hennar hafi haft miklar áhyggjur er B hafi ekki mætt í skólann í tvær vikur. Kennarinn hefði reynt að hringja heim til hennar, en enginn svarað. Þá hefði kennarinn farið í tvígang heim til hennar en enginn komið til dyra þótt ljóst væri að einhver hafi verið heima. Sótt hafi verið um innlögn á BUGL og stefndu boðinn stuðningur inn á heimilið, en hún ekki treyst sér til að samþykkja það. Þá hafi stúlkunni verið boðið upp á sumardvöl, en stefnda átt erfitt með að treysta öðrum fyrir stúlkunni. Að endingu hafi stefnda samþykkt að stúlkun færi í vikudvöl í sumarhúsi. Strax um haustið 2003 hafi mætingar B í skólann byrjað illa. Möguleg úrræði hafi verið rædd við stefndu og hún samþykkt að fá aðstoð inn á heimilið á morgnana til að koma stúlkunni í skólann. Til að byrja með hafi þetta virka vel, en þegar líða fór á haustið hafi stefnda tilkynnt um veikindi stúlkunnar eða ekki komið til dyra að morgni. Í nóvember hafi úrræðið verið hætt að virka og í desember verið ákveðið að láta það niður falla. Um sumarið 2004 hafi B dvalið í samtals sex vikur í [...]. B hafi gengið vel í dvölinni og hún komið heim eins og annað barn, glöð og ánægð. Það hefði því verið samþykkt í félagsmálaráði að B færi aftur í stuðning í [...] um helgar, eina helgi í mánuði komandi vetur. Skólinn hafi byrjað ágætlega hjá B um haustið 2004, en hún hafi byrjað í [...] vegna flutnings þeirra mæðgna innan [...]. Mætingar hafi hins vegar fljótlega farið að versna og í nóvember hafi hún nánast verið hætt að mæta. Í byrjun janúar 2005 hafi B farið í fóstur að [...], en farið aðra hverja helgi til stefndu. Fósturvistun hafi gengið mjög vel, en „barnið hafi blómstrað“ bæði á heimilinu og skólanum.

Fyrir liggur bréf skólustjóra grunnskólans á [...], dags. 21. nóvember 2007, í tengslum við dvöl B í [...] frá janúar 2005 til júní 2007. Í bréfinu segir að hún hafi stundað nám sitt af mikilli þrýði og fljótlega öðlast sterka félagslega stöðu meðal nemenda. Skólasókn hennar hafi verið sérlega góð, fyrir utan sex vikur á vorönn 2007 er móðir hennar hafi haldið henni heima vegna þess að hún hafi talið stúlkuna rófubeinsbrotna. Að lokum segir í bréfinu að B hafi virst líða sérlega vel og að dvöl hennar þarna hafi verið henni til mikils þroska og gæfu.

B flutti aftur til stefndu eftir dvölinu í [...] og hóf nám í [...]. Í bréfi skólans, dags. 20. nóvember 2007, kemur fram að stúlkan hafi ekki mætt í skólann frá 19. október. Skólanum hefði á þessum tíma einstaka sinnum borist tilkynning um veikindi en yfirleitt væri um óheimilar fjarvistir að ræða.

Hinn 3. desember 2007 var samþykkt í félagsmálaráði [...] einhliða áætlun máls, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 90/2002. Í áætluninni kemur fram að eftir að B hafi flutt aftur til stefndu hafi hún mætt mjög illa í skólann. Ítrekað hafi verið reynt að fá stefndu til samvinnu, en án árangurs. Stefnda hafi aflýst boðuðum viðtölum og ekki svarað símtölum. Lagt var til að beitt yrði þvingunarúrræðum þannig að stefnda sæi til þess að stúlkan mætti í skóla daglega og sinnti heimanámi sínu. Þá færi stúlkan tvær helgar í mánuði til stuðningsfjölskyldu í [...]. Áætlunin náði til tímabilsins 3. desember 2007 til 3. febrúar 2008.

Í bréfi félagsmálaráðs [...], dags. 3. janúar 2008, kemur fram að barnaverndaryfirvöld á [...] hafi farið ásamt lögreglu og lækni í vitjun að heimili stefndu hinn 27. nóvember 2007, í því skyni að fjarlægja B af heimilinu, eftir að hafa ítrekað reynt að ná símasambandi við stefndu, en án árangurs. Í bréfinu segir að stefnda hafi neitað að hleypa þeim inn og lögregla þurft að grípa til þess ráðs að brjóta upp lás á hurðinni. Ástandið á heimilinu hafi verið mjög slæmt, dregið hafi verið fyrir alla glugga og mæðgurnar legið saman á dýnu inni í svefnherbergi. Ekki hafi orðið af því að fjarlægja B af heimilinu, heldur hafi mæðgurnar verið fluttar á bráðamóttöku geðdeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Fyrir liggur dagnóta Óttars Guðmundssonar geðlæknis vegna stuðningsviðtals sem hann átti við stefndu í desember 2007. Þar kemur m.a. fram að í viðtalinu hafi ekki verið hægt að greina nein áberandi geðræn einkenni hjá stefndu en að hún virðist vera haldin persónuleikaröskun og með ákveðnar ofsóknarhugmyndir.

Stefnda flutti með dóttur sína til Reykjanesbæjar í byrjun janúar 2008 og hóf B þar nám við [...]. Í bréfi umsjónarkennara stúlkunnar, dags. 1. mars 2008, kemur fram að stúlkan standi sig vel í náminu, en mæting hennar sé ekki góð vegna veikinda og leyfa. Samkvæmt lista yfir ástundun stúlkunnar fram til 28. maí 2008 var hún fjarverandi vegna veikinda í 292 stundir og með leyfi í 77 stundir. Þá kemur fram í staðfestingu aðstoðarskólastjóra hinn 19. september 2008 að stúlkan hafi ekki mætt í skólann í átta daga af nítján skóladögum.

Hinn 9. júní 2008 voru málefni B lögð fyrir barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar vegna skólasóknar hennar. Í greinargerð fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar af því tilefni segir að reynt hafi verið að ræða málin við stefndu en ekki hafi náðst samkomulag um úrbætur. Stefnda hafi verið boðuð í viðtal hjá barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar 19. febrúar 2008. Hún hafi verið afar ósátt við afskipti barnaverndaryfirvalda og sagt að stúlkan væri sjúklingur og því verið mikið frá skóla. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að haldnir hafi verið þrír fundir með stefndu, síðast 22. apríl 2008 með skólastjóra og skólahjúkrunarfræðingi. Sá fundur hafi endað með því að stefnda hafi gengið á dyr.

Stefnda mætti á fund barnaverndarnefndar 9. júní 2008 og samþykkti stuðningsúrræði fyrir B. Í þeim fólst að stúlkan fengi talsmann og sálfræðiviðtöl. Jafnframt yrði henni útvegaður barnalæknir sem yrði tengiliður stúlkunnar við aðra

lækna og heilbrigðisþjónustu almennt. Þá átti stefnda að gangast undir foreldrahæfnismat. Stefnda synjaði því að stúlkan færi í sveitarvistun á vegum barnaverndarnefndar.

Helgi Viborg sálfræðingur framkvæmdi foreldrahæfnismat á stefndu. Í mati hans, dags. 10. september 2008, segir að hann hafi hitt stefndu einu sinni og átt við hana langt viðtal, auk þess sem hún hefði svarað persónuleikaprófi. Einnig hafi hún fengið sendar spurningar varðandi uppeldi sem hún hafi svarað. Þá hafi hann óskað eftir því, í samræmi við venju, að koma á heimili stefndu en hún hafi ekki viljað það. Í niðurstöðu sálfræðingsins kemur m.a. fram að stefnda sé án efa góðviljuð manneskja sem vilji börnum sínum vel. Hún hafi lent í afar erfiðum áföllum í æsku sem hafi án efa markað sálarlíf hennar verulega og líklega orðið þess valdandi að trufla eðlilegan tilfinningaþroska. Líf stefndu snúist um sjúkdóma og veikindi og þegar ein einkenni sjúkdóms minnki eða hverfi blossi önnur upp, gömul eða ný eftir atvikum. Hún sé líkleg til að fara á milli allmargra lækna og ef einn þóknist henni ekki fari hún til annars. Líklegt sé að hún forðist að vera í tengslum við einn lækni sem hafi yfirsýn yfir öll veikindi hennar. Hennar mesti (ómeðvitaði) ótti sé að veikindin hverfi og hún standi varnarlaus eftir, án vitneskju um hvernig hún eigi að lifa lífinu. Þessi sterku varnarviðbrögð komi óneitanlega niður á dóttur hennar, sem hún ofverndi og ali upp í sama lífsmunstri og hún sé sjálf föst í. Eitt einkenni þess sé að stúlkan fái of mikið að stjórna sér sjálf. Mat sálfræðingsins var það að stefnda komi honum fyrir sjónir sem mjög slæm fyrirmynd fyrir dóttur sína og að hún væri vanhæf til að sinna ýmsum skyldum uppalandans. Í stað þess að horfa til þarfa telpunnar einkennist viðhorf stefndu af sjálfmiðuðum veikindum hennar sjálfrar, þörfum hennar sjálfrar og sterkum áherslum til að gera B háða sér. Jafnframt segir sálfræðingurinn að sjúklingar eins og stefnda hafi að öllu jöfnu lítinn meðferðarvilja og vinni ekki af heilindum að eigin bata. Hún væri því einungis líkleg til að samþykkja tillögur barnaverndaryfirvalda ef hún teldi sig ekki komast undan þeim, en hætta væri á því að slíkur samstarfsvilji væri meira í orði en á borði. Væri hún hins vegar tilbúin í raunhæft samkomulag um að taka á sínum málum væri sjálfsagt að reyna slíkt.

Hinn 22. september 2008 ákvað barnaverndarnefnd að vista B tímabundið utan heimilis á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sama dag fór María Rós Skúladóttir, starfsmaður stefnanda, að heimili stefndu til að tilkynna henni þá ákvörðun. Fyrir liggur lögregluskýrsla þar sem María Rós kærði stefndu fyrir líkamsárás á heimili stefndu. Með viðurlagaákvörðun 19. mars 2009 gekkst stefnda undir að greiða 50.000 króna sekt fyrir brot gegn valdstjórninni, sbr. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með úrskurði stefnanda 6. október 2008 var ákveðið að B skyldi tekin af heimili sínu og send í fóstur. Stefnda bar úrskurðinn undir héraðsdómara í því skyni að hann yrði felldur úr gildi. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 31. október 2008 var fallist á kröfu stefnanda um vistun B utan heimilis í 12 mánuði. Málið fór fyrir Hæstarétt Íslands og með dómi réttarins 16. janúar 2009, í máli nr. 682/2008, varð niðurstaðan sú að B yrði vistuð utan heimilis stefndu frá 6. október 2008 til og með 1. júní 2009.

Í millitíðinni hafði stefnandi kveðið upp úrskurð um umgengni stefndu við B, að fenginni greinargerð stefndu og tillögum um fyrirkomulag umgengni. Með úrskurði, dags. 22. desember 2008, var ákveðið að umgengni stefndu við B skyldi

vera einu sinni í mánuði, tvær klukkustundir í senn undir eftirliti starfsmanna stefnanda og að stefnda og sonur hennar mættu auk þess hafa símasamband við stúlkuna einu sinni í viku í allt að eina klukkustund á laugardögum. Stefnda kærði úrskurð stefnanda til kærunefndar barnaverndarmála sem staðfesti þetta fyrirkomulag með úrskurði sínum 20. febrúar 2009.

Stefnandi kveðst hafa í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 682/2008 átt fund með stefndu og lögmanni hennar í lok janúar 2009, þar sem farið hafi verið yfir viðeigandi geðræktarúræði fyrir stefndu. Þar hefðu starfsmenn stefnanda lagt til að stefnda færi í meðferð til Óttars Guðmundssonar geðlæknis og geðrækt í [...]. Stefnda hafi samþykkt þetta.

Í bréfi Óttars Guðmundssonar geðlæknis kemur fram að hann hafi hitt stefndu 11. febrúar 2009. Í bréfinu segir að stefnda hafi rakið alla sína raunasögu og í raun ekki viljað tala um annað en þær ofsóknir sem hún hefði orðið fyrir. Hún sæi enga ástæðu til neinna viðtala eða meðferðar á sér. Þá sæi hún ótal meinbugi á því að fara aftur í [...].

Stefnandi kveðst hafa fundað með stefndu á ný 24. febrúar 2009 vegna þess að stefnda hefði eingöngu mætt einu sinni í [...] og hún teldi sig ekki hafa þörf fyrir að mæta í fleiri viðtöl hjá geðlækni. Á fundinum hafi stefnda lýst sig reiðubúna til að stunda áfram viðtöl hjá geðlækninum, væri það ósk starfsmanna stefnanda, en hún hefði látið þess getið að hún teldi sig ekki hafa þörf fyrir geðlæknisfræðilega aðstoð þar sem hún ætti ekki við geðræna erfiðleika að stríða.

Haldinn var fundur 30. apríl 2009 með stefndu og lögmanni hennar þar sem stefnandi óskaði eftir afstöðu stefndu til þess að B yrði vistuð áfram í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda þar til grunnskóla lyki. Í svarbréfi lögmanns stefndu, dags. 5. maí 2008, segir að afstaða stefndu sé sú að hagsmunum stúlkunnar væri best borgið hjá fjölskyldu sinni, þ.e. stefndu og bróður sínum. Í bréfinu var þess óskað að stúlkan kæmi til stefndu 1. júní, þegar vistunartíma lyki. Tekið er sérstaklega fram í bréfinu að stefnda væri tilbúin til að þiggja aðstoð og vera undir eftirliti félagsmálayfirvalda í Reykjanesbæ, gæti það orðið til þess að stúlkan fengi að búa heima hjá sér. Þá væri stefnda reiðubúin til að undirgangast meðferð hjá geðlækni. Einnig kemur fram í bréfinu að telji stefnandi ómögulegt að fallast á tillögur stefndu, væri farið fram á að úrskurðað yrði til skemmri tíma en tillögur barnaverndar gengu út á, auk þess sem umgengni stefndu við B yrði aukin. Þá var þess óskað að stefnda fengi að undirgangast annað foreldrahæfnismat.

Í greinargerð tveggja félagsráðgjafa hjá stefnanda, dags. 6. maí 2009, var lagt til að B yrði vistuð í varanlegu fóstri til 18 ára aldurs hjá hjónunum að [...]. Í greinargerðinni er forsaga málsins og helstu gögn reifuð. Þar koma m.a. fram áhyggjur um öryggi barnsins vegna lyfjasendinga stefndu til B, en í þrígang hefðu starfsmenn stefnanda þurft að gera ráðstafanir vegna óeðlilegs magns lyfja í herbergi B á fósturheimilinu sem hún hafi fengið send frá stefndu. Um hafi verið að ræða lyf sem hafi verið ávísað á stefndu.

Fyrir liggur í gögnum málsins bréf Óttars Guðmundssonar geðlæknis, dags. 10. maí 2009. Þar kemur fram að hann hafi hitt stefndu á göngudeild geðdeildar í apríl sl. og síðan á læknastofu sinni 2. og 9. maí sl. Í bréfinu segir að í þessum viðtölum hafi stefnda neitað eins og áður öllum geðrænum einkennum. Hún segi að

hún sé hvorki kvíðin né þunglynd. Þá hafi hún tíundað margvísleg líkamleg veikindi sín sem valdi henni miklum þjáningum og erfiðleikum. Hún sé með skjaldkirtilssjúkdóm og stoðkerfisvandamál. Einnig endurtaki hún fyrri ásanir á hendur félagsmálayfirvöldum um að þau séu að taka B frá henni að ósekju. Jafnframt hafi stefnda vísað því á bug að hún vilji halda stúlkunni veikri með lyfjagjöfum og innrætingu. Þá hafi stefndu orðið tíðrætt um líkamleg veikindi stúlkunnar. Enn fremur kemur fram í bréfinu að lækurinn hafi ekki séð nein gögn um veikindi B, en væri hún einkennalaus og þyrfti engin lyf í fósturinu benti það til þess að samband væri á milli veikinda B og hugarástands stefndu. Slíkt sé vel þekkt í lækisfræðinni og kallist „Munchausen by proxy“ en þá ali umráðamaður barns á veikindum þess og leiti margra lækna vegna óljósra einkenna. Í niðurlagi bréfsins segir lækurinn að hann líti svo á að stefnda sé með persónuleikaröskun sem einkennist af vænisýki og miklum ósveigjanleika. Í tilvikum sem þessum sé ekki óvenjulegt að verulegur hluti vandamála og árekstra sem upp komi stafi af rangtúlkunum og skertri veruleikasýn. Stefnda hafi ekkert breyst hvað varði afstöðu sína til vandamála B og samskipta við félagsmálayfirvöld. Að lokum telur lækurinn að fái stefnda forræði stúlkunnar á nýjan leik séu miklar líkur á að fyrri vandamál og heilsuleysi taki sig upp á ný.

Vegna framangreindrar tillögu, um að B yrði vistuð í varanlegu fóstur til 18 ára aldurs, lagði stefnda fram greinargerð sína, dags. 10. maí 2009, þar sem tillögunni var mótmælt. Stefnda og lögmaður hennar mættu svo á fund stefnanda 11. maí 2009. Á fundinum kvað stefnandi upp úrskurð um að þess skyldi krafist fyrir dómi að stefnda yrði svipt forsjá B. Stefndi hefur í kjölfarið höfðað mál þetta.

II.

Hinn 21. júlí 2009 voru dómkvaddir tveir matsmenn, Brynjar Emilsson sálfræðingur og Sigurður Páll Pálsson geðlæknir, til að meta atriði tengd forsjárhæfni stefndu. Í matsgerð þeirra, dags. 28. september 2009, er rakin saga stefndu og ýmislegt annað henni tengt, auk þess sem greint er frá ýmsum rannsóknnum og sálfræðilegum prófum sem lögð voru fyrir hana, m.a. svokallað ASPECT-matskerfi. Þá ræddu matsmenn við dóttur stefndu, B, og núverandi fósturforeldra hennar.

Í niðurstöðum matsmanna segir um forsjárhæfni stefndu að á yfirborðinu komi hún eðlilega fyrir og sé mjög vel greind. Samkvæmt persónuleikaprófi reyni hún að fegra sig og neiti almennt vandamálum sem flestir hafa. Hún sé ósveigjanleg og eigi þá líklegast erfitt með að sýna samvinnu eða breyta skoðunum sínum til að komast hjá samskiptavandamálum. Tilfinningasambönd virðast vera á yfirborðinu. Oft gefi slíkur „prófill“ til kynna að próftaki geti illa nýtt sér hvers konar meðferð eða ráðgjöf þar sem afneitun á vandamálum og ósveigjanleiki sé ráðandi. Samkvæmt viðbrögðum hennar við spurningum matsmanna og fyrri sögu úr málsgögnum bendi flest til þess að hún sé stíf á sinni meiningu og ósveigjanleg. Hún telji sig oft og tíðum vita betur en aðrir og sé í raun sjálfmiðuð. Þetta leiði til þess að erfitt hafi verið að leiðbeina henni og styðja. Einnig valdi þetta ósveigjanleika í samvinnu og samskiptum. Þessi stífni leiði til þess að tengslahæfni við umhverfið sé skert og spilli fyrir farsælum lyktum þessa máls. Stefnda hafi þá tilhneigingu til að byrgja innra með sér reiði og hafi þetta valdið upphlaupum. Stefnda sé óeðlilega tortryggin og hafi tilhneigingu til að varpa allri ábyrgð yfir á

aðra. Tilfinningaástand hennar hafi sveiflast talsvert milli viðtala hjá matsmönnum og eftir eðli spurninga. Jafnvel hafi komið fram tortryggni í garð matsmanna um að þeir ynnu ekki nægilega faglega. Í heildarmati á forsjárhæfni, sem m.a. sé byggt á ASPECT-kerfinu, er það niðurstaða matsmanna að forsjárhæfni stefndu sé skert. Hún hafi styrkleika sem tengist almennum aðbúnaði og sérstaklega sé hún sterk greindarfarslega. Hins vegar hafi hún sýnt vissa óæskilega hegðun í samskiptum sem og vanskilning á þörfum dóttur sinnar, en það beri að taka inn í mat á forsjárhæfni. Matsmenn taka fram að í nútímasamfélagi þurfi foreldrar að sýna festu, en jafnframt sveigjanleika í samskiptum við yfirvöld. Þessi hæfni telja matsmenn að sé skert hjá stefndu.

Um andlega heilsu stefndu segir að hún sé ekki með greiningu um formlegan geðsjúkdóm. Engin merki hafi verið um rugl, geðrof eða alvarlega persónuleikaröskun. Hins vegar sé ljóst að persónuleikaþættir hennar lúti allir að tilhneigingu til að varpa ábyrgð á umhverfið og sjá ekki sína eigin ábyrgð og þátt í því sem á undan er gengið. Stefnda einblíni óeðlilega á óréttlæti og óvirðingu í sinn garð frá yfirvöldum í stað þess að sjá á innsæisfullan og þroskaðan hátt leið til að sætta málin og læra af reynslunni. Hún hafi auk þess eytt orkunni í málaferli í stað þess að sinna sjálfri sér og barninu. Í þessu liggi hennar vandi.

Matsmenn telja stefndu hafa talsverð merki um aðsóknarpersónuleikaveilu (paranoid personality disorder) sem einkennist af eftirfarandi þáttum:

- (a) Óeðlileg viðkvæmni við hindrunum, synjunum eða höfnun.
- (b) Tilhneiging til að stöðugt bera kala, óvild, hafa óbeit á einhverju, þ.e.a.s. neita að fyrirgefa móðganir, árekstra, jafnvel óverulega eða smávægilega.
- (c) Tortryggni sem gegnumsýrir hugsun og leiðir til truflaðrar reynslu, skilnings. Hlutlausar eða vinalegar athafnir geta túlkast fjandsamlegar eða fyrirhlegar.
- (d) Bardagagirni og fastheldni við eigin réttindi úr takti við hina raunverulegu stöðu.
- (e) Endurtekin tortryggni án ástæðu, varðandi tryggð, trúmennsku, hollustu maka.
- (f) Tilhneiging til upplifunar óhóflegrar, ýkts, sjálf-mikilvægis, þetta kemur fram í tilvísun í eigin viðhorf.
- (g) Upptekin við samsæriskenningar sem eru án grunns en eiga að útskýra atburði tengda einstaklingi eða umhverfi hans, jafnvel samfélaginu.

Að mörgu leyti sé stefnda hæfur uppalandi með mikinn metnað fyrir hönd dóttur sinnar. Í ljós hafi hins vegar komið að þegar vandamál koma upp varðandi meinta sjúkdóma þá þiggi stefnda ekki aðstoð og ráð og telji sig í raun vita betur en sérfræðingar hvað barninu er fyrir bestu.

Matsmenn telja að persónuleikabrestir hennar hindri samstarf, en hún þiggi hjálp og ráð fagfólks eins og reyndin hafi verið. Ólíklegt sé að hún verði í samstarfi við barnaverndaryfirvöld miðað við þau orð sem hún hafi haft um þá starfsmenn. Tortryggni í garð yfirvalda sé mikil. Þá segja matsmenn að stefnda sé í raun ofverndandi varðandi sjúkdóma og sjúkdómseinkenni sem börn fái á mismunandi tímabilum. Einnig virðist hún halda að sum veikindi, sem aðrir telji léttvæg, réttlæti það að stúlkan fari ekki í skóla. Matsmenn segja að líkamleg einkenni B séu að hluta til vegna andlegrar vanlíðunar. Sem dæmi um það benda matsmenn á að B hafi greint þeim frá því að hún hafi verið órugg í skóla vegna hræðslu við föður sinn, en stefnda hafi talið það vera vegna alvarlegra líkamlegra veikinda. Þarna virðist stefnda túlka eðlileg hræðsluviðbrögð dóttur sinnar og óöryggi sem líkamleg veikindi. Matsmenn telja að barninu sé mest hættu búin af því að fá ekki eðlileg uppvaxtarskilyrði. Í ljósi sögu stúlkunnar sé mikilvægt að skoða tengsl þeirra við hennar sjúkdómseinkenni (mígreni og astma). Báðir sjúkdómar séu þekktir fyrir að hafa sálrænar orsakir, en stefnda virðist einblína um of á líkamlegu hliðina og ekki sjá þá andlegu. Í sama farveg hafi dóttir hennar farið þrátt fyrir að hún hafi lýst því að hún hafi ekki farið í skólann vegna kvíða, þ.e. hún hafi ekki þorað að hitta föður sinn. Að þessu leyti telja matsmenn að dóttur stefndu sé hættu búin.

Hvað varðar tengsl stefndu og dóttur hennar segja matsmenn að á yfirborðinu virðist tengsl þeirra mjög nán og sterk. Stefnda virðist ofverndandi og næstum því stöðugt á vaktinni að verja dóttur sína fyrir sjúkdómum og afleiðingum þeirra. Þarfir stúlkunnar séu hins vegar örugglega fyrst og fremst andlegs eðlis. Mætti segja að þetta sé misskilin góðsemi stefndu í garð dóttur sinnar. Stefnda hafi verið fórnarlamb líkamlegra sjúkdóma en svo virðist sem hún hafi aldrei talið sig þurfa andlegan stuðning eða skilið mikilvægi þess að vinna með sjálfa sig til að ná raunverulegum bata. Hættan sé sú að stúlkan læri sömu hegðun. Hún sé afburða vel gefin og mikilvægt að skólaganga hennar truflist ekki enn frekar. Matsmenn taka fram að mikilvægt sé að stefnda þiggi þann stuðning sem í boði er fyrir hana og B. Stefnda segi sjálf að henni hafi aldrei verið boðinn stuðningur. Hins vegar sé það í ósamræmi við málsgögn.

Matsmenn telja að veruleg hættu sé á því að stúlkan verði ofmeðhöndluð með lyfjum en andlegar þarfir hennar vanræktar. Þroski hennar gæti því orðið minni en efni standa til. Mikilvægt sé að tryggja örugga skólagöngu stúlkunnar næstu árin. Stefnda hafi hingað til ekki verið samvinnuþýð hvað varðar mætingu stúlkunnar í skóla og það er álit matsmanna að stefnda hafi ekki þann sveigjanleika og hæfni til samvinnu sem þurfi til að styðja við stúlkuna í skóla. Það er því álit matsmanna að sama sagan geti endurtekið sig varðandi skólasókn. Matsmenn telja ólíklegt að stefnda verði fús til samvinnu við barnavernd varðandi stúlkuna. Þá segja matsmenn að í eðli sínu, hvað varðar börn, séu allir skaðar eða vanræksla alvarlegir.

Að mati matsmanna er stefnda að mörgu leyti fær um að sinna daglegri umönnun og uppeldi stúlkunnar. Hins vegar sýni saga stefndu og viðbrögð hennar þegar veikindi koma upp hjá B að hún geti aftur fallið í sömu gryfju, að oftúlka líkamleg einkenni stúlkunnar. Því þurfi hún við uppeldið í framtíðinni tilsjón og eftirlit þar til samvinna tekst.

Matsmenn kveða að ljóst sé að stúlkan vilji flytja aftur til móður sinnar og hún hafi þroska og aldur til að á hana sé hlustað. Vandinn sé hins vegar sá að erfitt sé að meta hvort B sé undir óbeinum þrýstingi frá stefndu um að koma heim því hún segi að fósturforeldrar séu góðir við sig og hún sé ánægð í skólanum. Hún hafi ekki haft líkamleg einkenni undanfarna mánuði í fóstri, hún hafi mætt vel og eignast vinkonur. Henni virðist líða vel og að sögn fósturforeldra hafi hún aðlagast vel. B hafi vegna vandamála stefndu þurft að flytja á undanförunum árum milli margra heimila. Mikilvægt sé að tryggja stöðugleika hjá stúlkunni. Þetta mál hefði líklegast aldrei komið upp ef stefnda hefði sinnt hlutverki sínu varðandi skólaskyldu dóttur sinnar. Skólaskyldu ljúki eftir 10. bekk og eðlilegast væri að tryggja að lágmarki að stúlkan fengi tækifæri til að ljúka skólaskyldu við aðstæður sem byðu upp á stöðugleika og öryggi. Matsmenn mæla með áframhaldandi fóstri til þess tíma. B fái tækifæri til að komast út úr sjúklingahlutverkinu varanlega og tíma til að þroskast og fjarlægjast þau vandamál sem þær mæðgur hafi hræst í. Miðað við þroska og gáfur stúlkunnar þá ætti þessi tími að vera nægjanlegur. Mælt er með að á þessum tíma verði umgengni við móður aukin og telja matsmenn ekki gætt meðalhöfsreglu varðandi það stranga eftirlit sem barnavernd sé með í umgengni nú. Matsmenn telja ekki svo bráða hættu stafa af móður að henni sé ekki treystandi til að hitta dóttur sína án eftirlits. Þá væri eðlilegt vegna góðra tengsla við hálfbróður stúlkunnar að sömu tilslakanir yrðu gerðar varðandi hann.

III.

Vitnið *Sigurður Páll Pálsson* geðlæknir skýrði frá því fyrir dómi að vandi stefndu væri sá að hún væri afskaplega sjálfmiðuð og ætti ekki auðvelt með að sjá raunverulegar þarfir B. Stefnda væri algerlega föst í líkamlegum vandamálum sínum og stúlkunnar. Stefnda væri öll af vilja gerð til að hjálpa dóttur sinni en hún veiti henni ekki þann stuðning sem þurfi, sem væri meira af sálfræðilegum toga. Vitnið sagði að þegar liðið hafi á vinnu við matið hafi komið í ljós vandi stefndu við túlkun á aðstæðum og hvað hún sé tortryggin. Í stað þess að vinna í málefnum dóttur sinnar og ná sáttum þá væri hún föst í alls kyns málum, eins og því að hún hafi verið lögð í einelti af starfsmanni barnaverndaryfirvalda o.fl. Stefnda hafi ákveðin einkenni um aðsóknarpersónuleika og það spilli fyrir henni. Henni finnst hún alltaf hafa rétt fyrir sér og aðrir beita sig órétti. Hún fari í eins konar baráttuför gegn kerfinu og sé föst í því liðna. Vitnið kvaðst ekki geta séð annað af gögnum málsins en að allar leiðir hefðu verið reyndar til að leita sáttu við stefndu. Stefnda sæi alltaf annmarka hjá öðrum en það væri eiginlega aldrei neitt sem hún tæki til sín; að hún viðurkendi að hafa gert eitthvað rangt. Fram kom hjá vitninu að ekki væri um hættulega sjúkdóma að ræða hjá B en stefnda gerði meira úr þeim en efni stæðu til og þeir réttlættu ekki þessa fjarveru hennar úr skóla.

Vitnið sagði að B hefði komið sér vel fyrir sjónir og hún væri greinilega mjög greind og efnileg stúlka. Þegar vitnið var innt eftir því hvort andlegar þarfir B hefðu verið vanræktar í uppeldinu svaraði vitnið því játandi. Vitnið sagði að B gæfi þær skýringar á fjarveru sinni frá skóla að hún hefði verið hrædd við föður sinn. Hún hefði því þurft meiri andlegan stuðning en líkamlegan. Vitnið taldi B ekki stafa bein hætta af stefndu, en það sé alvarlegt að verða leiksoppur sjúkdóma. Stefnda elski dóttur sína en hafi skaðað hana án þess að átta sig á því með því að ofvernda hana fyrir sjúkdómum. Vitnið sagði að stefnda væri ekki í neyslu eða með alvarlegan geðsjúkdóm en gáfur hennar og persónuleiki hefði leitt hana í ógöngur í

samskiptum við kerfið. Vitnið taldi að stefnda hefði möguleika á að bæta sig en hún tæki þetta mál ekki alvarlega.

Borin var undir vitnið sú greining Óttars Guðmundssonar geðlæknis að stefnda væri með svokallað „Munchausen by proxy“. Vitnið sagði að stefnda hefði persónuleikaveilur af þessum toga, en hún hefði ekki alvarlegan aðsóknar persónuleika. Eftir því sem liðið hefði á matið væri fleira sem styddi við þessa tegund af truflun. Þessi niðurstaða Óttars Guðmundssonar væri góðra gjalda verð en vitnið vildi ekki kalla þetta „syndrom“. Fólki sem eigi erfitt með að vinna úr andlegum málum líkamsgeri þau oft og leiðin til þess geti verið mismunandi. Vitnið kvaðst geta að þessu leyti verið sammála þælingum Óttars. Vitnið sagði að ef B færi aftur til móður sinnar og í sama farið með skólasókn væri það alvarlegt mál og ákveðinn skaði fyrir hana. Lífi hennar og heilsu væri hins vegar ekki hættu búin. Vitnið sagði að það væri ekki sáttahugur hjá stefndu.

Vitnið *Brynjar Emilsson* sálfræðingur kom fyrir dóm og greindi m.a. frá niðurstöðum úr ASPECT-matskerfinu, sem er notað til að meta forsjárhæfni foreldra. Vitnið sagði að stefnda útskýrði líðan sína aðallega út frá líkamlegum sjúkdómum, frekar en því að hún þyrfti tilfinningalegan eða andlegan stuðning. Vitnið sagði að meðalgildi í matskerfinu væri 50. Niðurstaða stefndu hefði verið meðalgildið 42 í forsjárhæfniseinkunn. Fram kom að í einstökum þáttum matsins (OBS), um hegðun og viðhorf, hefði stefnda fengið 27, sem væri mjög slæm einkunn. Vitnið sagði að B hefði komið vel fyrir og hún væri mjög eðlileg. Þegar vitnið var spurt hvort það hefði merkt það að stúlkan hefði verið vanrækt í uppeldinu sagðist vitnið ekki hafa verið fengið til að meta það, en hún hefði ekki litið þannig út. Fram kom hjá vitninu að stefnda eigi erfitt með að semja við fólk. Þá kom fram hjá vitninu að stúlkunni stafi ekki hættu af stefndu að því leyti að stefnda sé ekki ofbeldishneigð eða vanræki daglega umönnun stúlkunnar. Það sé hins vegar alvarlegt að hún láti hana ekki í skóla og sjúkdómageri hlutina og hætta sé á því að það haldi áfram. Þá nefndi vitnið að stefnda hefði sent stúlkunni lyf þegar hún var í fóstri. Vitnið sagði að miklar breytingar hefðu orðið á B eftir að hún fór í fóstur og það væri æskilegt að sú breyting héldist.

Stefnda sagði fyrir dómi að heimilislíf sitt og barna sinna hefði verið eðlilegt. Aðspurð um heilsufar þeirra sagði stefnda að þegar B hafi verið tekin í fóstur hafi hún verið nýbyrjuð að taka lyf sem hafi virkað. Stefnda kvaðst alltaf hafa samþykkt það sem farið hafi verið fram á við hana af hálfu barnaverndaryfirvalda. Stefnda neitaði því að hún hefði ekki viljað fá Helga Viborg inn á heimilið, en hún hafi viljað hitta hann oftár áður en hann kæmi inn á heimilið. Hann hefði orðið eitthvað fúll og þau hefðu bara hist einu sinni.

Stefnda var innt eftir ástæðu mikillar fjarveru B úr skóla. Stefnda sagði að það hefði verið eitrun í íbúðinni sem þær bjuggu í á [...] og vegna þess hefðu þær mæðgur báðar verið mikið veikar. Þá hafi B verið með fyrirferð undir fæti vegna þess að hún hefði stigið á nagla og þurft að fara í aðgerð. Frá 1. desember 2007 og fram á haustið næsta ár á eftir hafi astminn verið uppgötvaður hjá B og lyf sem hún hafi fengið við honum virkað á móti mígrenilyfjum sem hún tók. Stefnda taldi að heilsufar B hefði batnað hvort sem hún hefði farið burt í fóstur eða ekki. Stefnda sagði að hún hefði alltaf reynt að koma B í skólann og hún hefði farið í hvert einasta skipti sem hún hafi mögulega getað. Stefnda sagði að hún gæti ekki látið grátandi barn fara í skólann.

Um lyfjasendingar til B í fósturinu sagði stefnda að hún hefði fengið fyrirmæli frá barnaverndaryfirvöldum um að senda B fót og lyfin sín. Stefnda sagði að hún hefði sótt lyf fyrir B í lyfjaverslun og ekki athugað hvort lyfin væru örugglega á nafni B. Á útskriftum sjáist að þetta hafi verið lyf B því stefnda væri ekki með sömu lyf. Stefnda kvaðst aldrei hafa gefið B lyf sem hafi ekki verið ávísað á hana. Stefnda sagði að upplýsingar hjá skólayfirvöldum um fjarvistir B úr skóla væru orðum auknar.

Hvað varðar atvik þegar starfsmenn barnaverndaryfirvalda komu heim til stefndu til að tilkynna henni ákvörðun um neyðarráðstöfun sagði stefnda að sér hefði fundist sem starfsmennirnir hefðu komið illa fram og þær ráðist á sig og stefnda brugðist við því.

Um heilsufar stefndu í dag kvaðst hún bara vera með gigt og að það þurfi að fylgjast með skjaldkirtli hennar. Stefnda kvaðst vera um það bil vinnufær og hún stefni að því að vinna. Stefnda sagði að hún hefði unnið í Virkjun í Reykjanesbæ, sem væri vettvangur fyrir atvinnulaust fólk sem væri að koma undir sig fótunum. Stefnda kvaðst hafa hitt Helga Viborg sálfræðing og Óttar Guðmundsson geðlækni eftir að B fór í fóstur. Einnig hefði hún farið í [...], athvarf fyrir geðfatlaða, samkvæmt kröfu barnaverndaryfirvalda, en þau hefðu alltaf talið að hún væri geðveik án þess að skilgreina það frekar. Geðlæknir þar hefði ekki talið ástæðu til að hún væri þar. Stefnda sagði að það væri ekkert mál fyrir sig að mæta á svona stað en hún telji sig ekki þurfa á því að halda. Aðspurð um framtíðina kvaðst stefnda vilja flytja austur til að tryggja stöðugleika fyrir B svo hún þurfi ekki að skipta aftur um skóla og skilja við vinkonur sínar. Stefnda sagði að veikindatímabilið væri búið og þær mæðgur þyrftu að fá að lifa eðlilegu lífi. Stefnda kvaðst vera reiðubúin til að gera allt sem hún hafi verið búin að samþykkja áður en B hafi verið tekin. Stefnda var innt eftir því hvort hún væri reiðubúin til að vera í samstarfi eða þiggja aðstoð hjá barnaverndaryfirvöldum ef hún fengi aftur dóttur sína. Stefnda sagði að hún gæti ekki talað við ákveðinn félagsráðgjafa „sem geislaði af einhverri ógurlegri tortryggni“ en það væri búið að skipta um félagsráðgjafa og stefnda gæti verið í samstarfi við hann. Aðspurð hvort stefnda teldi sig hafa þörf fyrir stuðning eða aðstoð barnaverndaryfirvalda sagði stefnda að hún færi eftir því sem krafist væri af henni. Sjálfri hafi henni ekki fundist hún þurfa á aðstoð að halda og hún hafi getað unnið mjög vel úr sínum málum. En ef barnaverndaryfirvöld telji að hún þurfi á því að halda geri hún það.

Stefnda sagði að B hefði sagt sér að hún gréti sig í svefn á kvöldin í fósturinu vegna heimþrár og að hún hefði sagt sér að hún væri ekki laus við gigtina þótt dregið hefði úr henni. Þegar stefnda var innt nánar um framburð sinn fyrir dómi varðandi lyfjasendingar til B og hvaða starfsmaður barnaverndaryfirvalda hefði beðið hana um að senda B lyf, svaraði stefnda því til að það hefði verið lögreglan sem hefði beðið hana um það og hún geri ráð fyrir að þau fyrirmæli hafi komið frá barnaverndaryfirvöldum. Þá sagði stefnda að það hefðu verið mistök hjá lækni að setja lyf sem voru ætluð B á nafn stefndu. Stefnda sagði að hjá lyfjaversluninni sjáist að þetta séu lyf sem hún hafi sjálf aldrei tekið heldur B. Stefnda neitaði því að hafa sent B lyfið Paxal. Þá neitaði stefnda því að hún hafi ofverndað B eða haldið henni heima frá skóla að óþörfu.

B, dóttir stefndu, kom fyrir dóm og lýsti því að hún vildi flytja aftur til móður sinnar. Hún sagði m.a. að hún hefði ekki viljað fara í skólann vegna hræðslu við föður sinn og helst viljað vera örugg heima. Einnig hefði hún verið með astma. Hún sagði jafnframt að fösturfóreltrar hennar væru góðir og að henni gengi mjög vel í skólanum og félagslega. Um líkamlegt ástand sitt í dag sagði hún að gigtin væri horfin og hvað varðar migreni þá fengi hún stundum kannski smá þirring. Hún sagði að migrenið tengdist stressi, en það hefði ekki truflað hana undanfarna mánuði. Þá væri hún með áreynsluastma og hún þyrfti aðeins að taka lyf mjög sjaldan, ef hún reyndi mjög mikið á sig. Hún sagði að ef hún fengi að fara aftur til móður sinnar myndi hún alltaf mæta í skólann.

Vitnið D, sonur stefndu, lýsti B sem jákvæðri, skemmtilegri og klárri stelpu. Vitnið var spurt um veikleika móður sinnar hvað varðar uppeldi B og svaraði vitnið því til að það væri helst það að hún væri of góð og fyndi mikið til með B. B hafi verið með gigt og astma. Þá hafi hún haft miklar tíðablæðingar. B hefði oft ekki viljað fara í skólann og kvartað mikið og þau hefðu reynt allt til að fá hana til að fara í skólann.

Vitnið *Helgi Viborg* sálfræðingur greindi frá því að við vinnslu á foreldrahæfismati stefndu hafi vitnið viljað kanna heimilisaðstæður hennar, en hún hefði verið mjög mótfallin því að vitnið kæmi inn á heimilið. Vitnið kvaðst hafa hitt stefndu tvisvar. Vitnið sagði að stefnda væri mjög upptekin af veikindum og sjúkdómum. Hún væri mjög sjálfmiðuð og einblíndi á veikindi sín og hefði því lítið innsæi í þarfir B. Þar af leiðandi komi stefnda í veg fyrir það samstarf sem þurfi að vera við aðra sem koma að málum stúlkunnar, s.s. skólayfirvöld. Jafnframt sagði vitnið að almenna örvun og leiðbeiningu skorti í uppeldinu. Vitnið sagði að stúlkunni væri ekki beint hættu búin af stefndu en þetta form vanrækslu væri mjög skaðlegt. Ef stefnda breytti ekki framkomu sinni við dóttur sína gætu jafnvel mjög lítil samskipti eða umgengni við stefndu verið skaðleg. Það þurfi að fylgjast mjög vel með umgengni stefndu við stúlkuna og stýra henni meðan stefnda sé svona veik. Þá kom fram hjá vitninu að stefnda ætti erfitt með að setja dóttur sinni mörk og aga hana, eins og t.d. varðandi skólasókn stúlkunnar. Vitnið sagði að B væri á þeim aldri sem félagsmótun væri mjög mikilvæg og að þegar vitnið hafi hitt hana hefði þeim þætti verið ábótavant. Borinn var undir vitnið framburður B fyrir dómi um að ef hún flytti aftur til stefndu ætlaði hún sér að mæta alltaf í skólann. Vitnið taldi að þótt stúlkun ætlaði sér það þá væri hún of ung til að hægt væri að treysta því.

Vitnið *Óttar Guðmundsson* geðlæknir greindi frá því að hann hefði hitt stefndu einu sinni í desember 2007 og eftir það hefði hann hitt hana þrisvar sinnum. Vitnið lýsti stefndu sem mjög ósveigjanlegri manneskju og henni finnst hún vera ofsótt og hún hafi ofsóknarhugmyndir. Hún hefði lýst fyrir vitninu áföllum sem hún hefði orðið fyrir í lífinu og heilsuleysi dóttur sinnar. Vitnið sagði að vænisyki stefndu hefði birst í ásökunum hennar í garð félagsmálayfirvalda og annarra ásamt meintum ofsóknum. Vitnið taldi að stefnda hefði ýkt hlutina og um væri að ræða hennar hugarfóstur að einhverju leyti. Þá sagði vitnið að óhjákvæmilegt væri að svona alvarleg einkenni móður hefðu áhrif á dótturina og gerðu henni mjög erfitt um vik í samskiptum við aðra. Vitnið kvaðst ekkert vita um veikindi B, en hafi heilsufar hennar batnað mjög í fósturinu styðji það þá skoðun vitnisins að stefna sé haldin svokölluðu Munchausen by proxy.

Vitnið sagði að í viðtölum sínum við stefndu hefði afstaða hennar ekkert breyst, hvorki gagnvart veikindum B eða félagsmálayfirvöldum. Vitnið taldi stefndu ákaflega ósveigjanlegan einstakling og litlar líkur væru á því að hún breyttist. Vitnið taldi að samskipti þeirra mæðgna yrðu þannig óbreytt og hafði vitnið efasemdir um að stefnda yrði líkleg til samstarfs við barnaverndaryfirvöld. Vitnið kvaðst líta svo á að stefnda hefði ákveðna persónuleikaröskun, vænisyki og tortryggni, en það væri skilgreiningaratriði hvort það teldist geðsjúkdómur. Vitnið sagðist ekki efast um að stefndu þætti vænt um dóttur sína og henni stafaði ekki beint líkamleg hætta af stefndu, en hugmyndir stefndu væru þannig að þær gætu haft áhrif á stúlkuna og skaðað hana þannig óbeint svo að stúlkan yrði tortryggin og vör um sig. Ef þessi veikindi stúlkunnar stöfuðu af hugmyndum móður hennar gæti það skaðað stúlkuna. Aðspurtt kvaðst vitnið telja að það ætti að aðskilja stefndu og dóttur hennar til 18 ára aldurs stúlkunnar. Það væri þýðingarmikið að stúlkan næði fótfestu í skólagöngu sinni.

Vitnið *Hafdis Kjartansdóttir* sálfræðingur skýrði frá því að hún hefði hitt B tvisvar sinnum. Fyrra skiptið sem vitnið hitti hana hafi verið daginn eftir að hún var tekin af heimili stefndu. Vitnið sagði að B hafi komið sér fyrir sjónir sem mjög tilfinningalega flöt og hafi sýnt lítil viðbrögð, en erfitt væri að segja til um ástæðu þess. Þá hefðu prófanir sem vitnið lagði fyrir hana ekki sýnt vanlíðan hjá henni og það væri óvenjulegt þar sem hún hafi verið nýfarin af heimili stefndu. Vitnið kvaðst hafa rætt við fósturforeldra B sem hefðu nefnt að þau hefðu ekki tekið eftir neinum líkamlegum einkennum hjá henni. Þá hefði umsjónarkennari stúlkunnar sagt það sama. Jafnframt sagði vitnið að B hefði mikið rætt um veikindi sín og að þau væru ástæða fjarveru hennar úr skóla.

Vitnið *Halldóra Bergmann* sálfræðingur kvaðst hafa hitt B einu sinni í mánuði í heilt ár að beiðni barnaverndaryfirvalda. Ekki væri um meðferðarvinnu að ræða heldur stuðningsviðtöl. Vitnið lýsti henni sem skemmtilegri og skýrri stúlku sem ætti ekki við andleg vandamála að stríða. Fram kom að hún hefði sagt vitninu að hún saknaði móður sinnar. Þá sagði vitnið að B væri ánægð með fósturforeldra sína og tæki virkan þátt í fjölskyldulífi þeirra. Hún væri jákvæð og lagaði sig að aðstæðum, jafnvel um of. Jafnframt sagði vitnið að hún hefði aldrei kvartað undan líkamlegum einkennum við vitnið. Vitnið kvað stúlkuna vera á eðlilegri þroskabraut.

IV.

Stefnandi byggir á því að það þjóni best hagsmunum barnsins, B, að svipta stefndu forsjá hennar og að koma henni í varanlegt fóstur. Það séu frumréttindi barna að búa við stöðugleika í uppvexti og þroskavænleg skilyrði. Að mati stefnanda hafi það sýnt sig svo ekki verði um villst að stefnda geti ekki búið dóttur sinni þau uppeldisskilyrði sem hún eigi rétt á.

Stefnandi segir að mikið hafi skort á samstarfsvilja stefndu við stefnanda og á stundum hafi samstarfi beinlínis verið hafnað, eða það einungis boðið á forsendum stefndu sjálfrar. Staðreyndir málsins tali sínu máli og endurspegli því miður getuleysi stefndu til að tryggja hag barnsins og ekki síður viljaleysi sem birtist í stopulu og stirðu samstarfi við barnaverndaryfirvöld.

Fjölmargar meðferðaráætlanir hafi verið gerðar í gegnum tíðina án þess að þær hafi skilað tilætluðum árangri. Af meðferðaráætlunum og greinargerðum sem fyrir liggja í málinu sé einnig fullljóst að leitast hafi verið við að beita eins vægum úrræðum gagnvart stefndu og unnt hafi verið hverju sinni og reynt hafi verið að aðstoða stefndu og B þannig að stefnda gæti haldið barninu hjá sér. Stefnandi telur alveg ljóst að við meðferð málsins hafi verið kappkostað að gæta meðalhófs og öll úrræði tæmd áður en sú viðurhlutamikla ákvörðun var tekin að höfða þetta mál. Stefnandi telur að önnur barnaverndarúrræði en forsjárvipting séu ekki tiltæk, enda brýn nauðsyn á því að skapa stúlkunni öryggi og uppeldi sem hún hafi ótvírætt farið á mis við hjá stefndu.

Stefnandi kveður að um langa hríð hafi verið til staðar viðvarandi vandamál í tengslum við uppeldi B sem skýrist af geðrænum vandamálum stefndu sem ekki hafi tekist að ráða bug á þrátt fyrir mikla aðstoð frá sálfræðingum og geðlæknum. Í þessu sambandi vísar stefnandi til foreldrahæfnismats Helga Viborg sálfræðings, dags. 10. september 2008, þar sem fram komi að stefnda sé mjög slæm fyrirmynd fyrir dóttur sína og vanhæf til að sinna ýmsum skyldum uppalandans. Niðurstaða Ottars Guðmundssonar geðlæknis, dags. 10. maí 2009, sé einnig sú að stefnda sé með persónuleikaröskun sem einkennist af vænisýki og miklum ósveigjanleika. Geðlækninum finnst líklegt að fái stefnda stúlkuna á nýjan leik séu miklar líkur á að fyrri vandamál og heilsuleysi hennar taki sig upp á ný.

Í gögnum sérfræðinga, sem stefnandi hafi aflað um geðrænt ástand stefndu, komi fram að sérfræðingarnir telji að stefnda yfirfæri veikindi sín á B. Um þetta vísar stefnandi til foreldrahæfnismats Helga Viborg sálfræðings, skýrslu Hafdísar Kjartansdóttur sálfræðings og gagna frá Öttari Guðmundssyni geðlækni um „Munchausen by proxy“. Stefnandi byggir á því að þessi geðræna truflun stefndu geri það að verkum að andlegri og líkamlegri heilsu B yrði hætta búin ef hún færi aftur til stefndu.

Í þessu samhengi verði að hafa í huga að B hafi gengið allt í haginn þegar hún var í fóstri frá janúar 2005 til vors 2007. Hún hafi nánast aldrei verið veik og stundað skóla og félagslíf tengt skólanum. Þá hafi fósturvistun B að [...] einnig gengið vel. Í bréfum frá fósturforeldrunum, dags. 17. desember 2008 og 27. apríl 2009, komi m.a. fram að miklar breytingar hafi orðið á B frá því að hún kom fyrst til þeirra hjóna 12. nóvember 2008. Hún virðist ánægð með skólann og taki virkan þátt í félagsstarfi og íþróttum, auk þess sem henni semji vel við alla á heimilinu.

Enn fremur vísar stefnandi í þessu sambandi til skýrslu talsmanns B, Kolbrúnar Sigþórsdóttur, dags. 4. maí 2009, þar sem m.a. komi fram að henni líði vel í fósturinu og í skólanum. Í skýrslunni hafi talsmaðurinn eftir B að mígrenisköstin sem hún hafi haft áður séu að minnka og hún sé við það að vera í toppástandi.

Sömu sögu sé að segja um skólagöngu B í [...]. Í bréfum E skólastjóra, dags. 17. desember 2008 og 28. apríl 2009, komi m.a. fram að B hafi komið í skólann 14. nóvember 2008 og hún hafi frá þeim tíma mætt alla daga í skólann fyrir utan tvo daga þar sem hún hafi fengið leyfi. Þá sé B orðin félagslega sterk og taki þátt í öllum félagslegum samkomum á vegum skólans. Hún hafi aðlagast vel í skólanum og henni virðist líða vel.

Þá sé það samdóma álit þeirra lækna sem meðhöndlað hafa B að ekkert sé talið benda til þess að hún geti ekki stundað eðlilega skólagöngu. Sérstök athygli sé vakin á bréfum lækna sem meðhöndlað hafi B eftir að hún fór í fóstur í kjölfar úrskurðar stefnanda 6. október 2008.

Í bréfi Ara Axelssonar barnalæknis, dags. 13. mars 2009, komi m.a. fram að B sé hraustleg unglingsstúlka, hjarta- og lungnahlustun hafi komið eðlilega út, ofnæmispróf hafi verið neikvætt og „góð kúrfa og góð gildi“ hafi komið úr blástursprófi (svokölluð spirometria). Í lok bréfsins taki læknirinn fram að ljóst sé að B sé hugsanlega með vægan astma, en það eigi ekki á neinn hátt að hefta skólagöngu stúlkunnar.

Þá vísar stefnandi til göngudeildarnótu Helga Jónssonar, sérfræðings í gigtarsjúkdómum, og Ásgeirs Haraldssonar, prófessors í barnalækningum, dags. 14. apríl 2009. Í bréfinu segi að B hafi komið á göngudeild Barnaspítala Hringins til endurmats vegna mögulegs gigtarsjúkdóms. B hafi verið lyfjalaus um nokkurra mánaða skeið og hún þoli ágætlega að vera lyfjalaus þótt hún telji að verkir séu verri eftir að hún hafi hætt að taka inn verkjalyfið Ibúfen. Þá hafi B ekki haft höfuðverki (migraine) í um fjóra mánuði. Í lok bréfsins komi fram að gigtarsjúkdómur B virðist vera að baki, enda sé vel þekkt að „Pauciarticular juvenile arthritis“, sem stúlkan hafi greinst með fyrir nokkrum árum, gangi yfir, og sé það raunar yfirleitt svo með þennan sjúkdóm.

Stefnandi telur að framangreint sýni svo ekki verði um villst að þegar B sé fjarri stefndu hafi hún heilsu til að mæta í skóla og taka þátt í íþróttum og öðru félagslífi tengdu skólanum. Þetta áorki B þrátt fyrir að taka engin lyf í dag, fyrir utan astmalyf sem hún geymi sjálf. Önnur lyf séu geymd í læstum lyfjaskáp heimilisins og skömmtuð til hennar af fósturforeldrum, en til þess hafi ekki komið þar sem B hafi ekki óskað eftir neinum lyfjum í talsverðan tíma. Bendi þetta ótvírætt til þess að samband sé á milli veikinda B og hugarástands stefndu, svokallaðs „Munchausen by proxy“.

Með hliðsjón af öllu þessu telur stefnandi að hagsmunum B sé best borgið með því að stefnda verði svipt forsjá hennar. Með því móti sé hagur stúlkunnar til framtíðar best tryggður.

Með vísan til alls framanritaðs, meginreglna í barnaverndarstarfi, sbr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og gagna málsins, gerir stefnandi þá kröfu að stefnda verði svipt forsjá barns síns, B, sbr. a- og d-liður 1. mgr. 29. gr. sömu laga.

V.

Stefnda byggir á því að lagaskilyrði séu ekki fyrir hendi til þess að svipta hana forsjá yfir dóttur sinni. Þá telur stefnda forsjásviptingu andstæða hagsmunum stúlkunnar auk þess sem beita megi öðrum og vægari úrræðum. Þannig fari forsjár svipting í bága við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og meginreglur barnaverndarlaga.

Stefnda mótmælir því að uppfyllt séu skilyrði a-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndar laga nr. 80/2002, um sviptingu forsjár. Stefnda segir að dóttir hennar hafi alla tíð

verið afburðanemandi og hún þyki þroskuð og greind eftir aldri. Þá sé stúlkan skýr, vel máli farin, kurteis og bráðger. Ljóst sé að stúlkan hafi fengið gott uppeldi og mikla athygli frá fullorðnum í uppvextinum, enda sé hún bæði fullorðinsleg og skýr.

Ekkert í málinu bendi til þess að dagleg umönnun stúlkunnar hafi ekki verið góð á meðan hún bjó hjá stefndu, en stúlkan sé eðlilega þroskuð líkamlega miðað við sinn aldur. Það sem helst megi gera athugasemdir við í daglegu lífi stúlkunnar sé skólasókn hennar. Stefnda fullyrðir að stúlkan hafi verið veik og það sé ástæða lakrar skólasóknar hennar. Hin laka skólasókn hafi hingað til ekki komið niður á námsárangri stúlkunnar. Auk þess eigi hún góðar vinkonur í skólanum.

Stefnda kveður aðstæður á heimili sínu góðar að öðru leyti en því að töluverð veikindi hafi hrjád stefndu og dóttur hennar undanfarin ár. Þeir sjúkdómar séu þó ekki af andlegum toga.

Í greinargerð stefndu lýsir hún því að þegar þær mæðgur bjuggu á [...] hafi farið að bera á miklum astmaeinkennum hjá þeim báðum, auk þess sem mígrenihöfuðverkir hafi orðið mun tíðari en áður. Af þessum sökum hafi skólasókn B verið stopul um haustið. Stefnda kveður að veikindi þeirra hafi tengst myglusveppum í húsnæðinu. Eftir að B byrjaði í nýjum skóla í desember 2007 hafi heilsufar hennar verið slæmt alla vorönnina og allt sumarið. Í janúar 2008 hafi stúlkan svo verið lögð inn á spítala þar sem framkvæmd hafi verið aðgerð á fæti og aðskotahlutur fjarlægður. Stúlkan hafi haft mikla verki og óþægindi vegna aðskotahlutarins. Þá hafi hún um haustið leitað til kvensjúkdómalæknis vegna mikilla blæðinga og verkja samfara þeim. Einnig hafi hún verið greind með astma, liðagigt og mígreni. Þá segir stefnda að B hafi ekki brugðist vel við meðferð sjúkdóma sinna.

Stefnda telur að B sé haldin fleiri sjúkdómum og kvillum en gengur og gerist meðal barna á hennar aldri. Jafnvel þó að hver og einn sjúkdómur réttlæti ekki að mati lækna langar fjarverur frá skóla þá verði að líta á heilsufar stúlkunnar heildstætt og meta getu hennar til að mæta í skóla með tilliti til þess að allir þeir sjúkdómar sem hana hrjái geti saman leitt til þess að hún eigi erfitt með skólasókn. Þannig verði að taka tillit til bágs heilsufars B við mat á því hvort skólasókn hennar teljist innan eðlilegra marka.

Stefnda segir að heilsufar stúlkunnar hafi vissulega batnað eftir að hún var vistuð utan heimilis. Stefnda geti þó með engu móti fallist á að fyrra heilsufar hennar tengist sér eða veru stúlkunnar á heimili sínu. Stúlkan hafi verið meðhöndluð með hormónagjöf vegna mikilla blæðinga og verkja samfara þeim. Þá hafi stúlkan læknast af barnaliðagigt sem hafi hrjád hana frá unga aldri. Í læknisvottorði Helga Jónssonar, sérfræðings í gigtarsjúkdómum, og Ásgeirs Haraldssonar, prófessors í barnalækningum, segi enda að gigtarsjúkdómur sá sem stúlkan hafi verið greind með á unga aldri gangi yfirleitt yfir. Stefnda segir að það að sjúkdómarnir hafi horfið núna eigi sér eðlilegar skýringar sem ekki tengist henni eða fjarveru stúlkunnar frá heimili sínu.

Stefnda kveður að þær mæðgur hafi alla tíð verið afar nánar og sé samband þeirra mikið og gott. Stúlkan líti upp til stefndu og leiti til hennar með hvaðeina. Þá sé samband stúlkunnar við eldri bróður sinn, D, mjög gott.

Stefnda kveðst vera reglusöm og aldrei hafa átt við vandamál að stríða tengd áfengis- eða vímuefnaneyslu. Stefnda hafi ekki verið greind með geðsjúkdóm og ekki verði leitt af neinum gögnum að hún sé annað en heilbrigð á geði.

Stefnda telur ljóst samkvæmt framansögðu að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum stefndu við dóttur sína sé ekki ábótavant á neinn hátt. Skilyrði a-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga til forsjársviptingar séu því ekki uppfyllt og verði stefnda því ekki svipt forsjá stúlkunnar á þeim forsendum.

Enn fremur mótmælir stefnda því að skilyrði d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga séu uppfyllt. Af gögnum málsins verði ekki annað séð en að andleg heilsa stefndu sé góð. Hún hafi ekki verið greind með geðsjúkdóm. Þá liggja fyrir að stefnda sé reglusöm en hún hvorki reyki, drekki né neyti vímuefna af nokkru tagi. Stefnda hafi alla tíð látið hagsmuni dóttur sinnar ganga framur sínum eigin og líf stefndu snúist að stærstum hluta um uppeldi dóttur sinnar. Af gögnum málsins og framburði dóttur stefndu verði ekki annað leitt en að samskipti mæðgnanna hafi alla tíð verið mjög góð og að þær mæðgur séu afar nánar. Stefnda áréttar að stúlkan sé bráðger, kurteis og námsfús. Í gögnum málsins hafi ekkert komið fram sem bendi til þess að hún hafi átt við andlega erfiðleika að stríða undanfarin ár eða að andleg líðan hennar sé önnur eða verri en almennt hjá 13 ára unglingum, þó svo að atburðir undanfarins árs hafi gengið mjög nærri stúlkunni og hún sé verulega mótuð af því að hafa verið kippt út úr skólanum í Reykjanesbæ og sett í föstur án þess að fá að kveðja fjölskyldu sína síðastliðið haust.

Hvað varðar líkamlega heilsu stúlkunnar þá hafi hún glímt við barnagigt, mígreni, óeðlilegar tíðablæðingar og astma. Þá hafi hún einu sinni fengið flogakast í skólanum, en hún hafi ekki verið greind flogaveik. Líkamleg veikindi stúlkunnar verði á engan hátt rakin til vanrækslu stefndu, enda hafi þau öll verið staðfest af læknum.

Stefnda telur ekkert benda til þess að hún sé líkleg til að skaða sjálfa sig eða dóttur sína, hvorki andlega né líkamlega. Þá bendi ekkert til þess að dóttur stefndu stafi hætta af því að búa hjá stefndu eða að brýn nauðsyn sé til þess að svipta stefndu forsjár hennar.

Stefnda byggir einnig á því að ef stefnda yrði svipt forsjá yfir dóttur sinni færi sú ákvörðun í bága við grundvallarreglu barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem lögfest sé í 7. mgr. 4. gr. laganna, um að beita beri vægasta úrræði sem unnt er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt, og meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttarins, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá vísar stefnda til þess að í 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga segi að kröfu um sviptingu forsjár skuli því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

Stefnda heldur því fram að barnaverndarnefnd hafi farið fram með offorsi og beitt þær mægður alvarlegum þvingunum sem aðstæður hafi ekki gefið tilefni til að beita. Framburður B við skýrslutöku í Barnahúsi, við meðferð vistunarmálsins fyrir héraðsdómi, staðfesti þetta. Þar hafi komið fram að stúlkan hafi verið dregin úr skólanum og niðurlægð fyrir framan skólafélaga sína. Þá hafi hún ekki fengið leyfi til að hitta stefndu eða bróður sinn, auk þess sem henni hafi ekki verið heimilað að

fara í skóla í heila viku.

Stefnda telur neyðarráðstöfun samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem stefnandi beitti haustið 2008, hafa verið með öllu óþarfa og ekki í neinu samræmi við aðstæður. Engin bráð hætta eða aðrar aðstæður hafi réttlætt þá ákvörðun stefnanda að beita neyðarráðstöfun. Þá liggi fyrir að stefndu og dóttur hennar hafi ekki verið tilkynnt fyrirfram sú ákvörðun stefnanda að vista stúlkuna utan heimilis og þeim því ekki verið gefinn kostur á að fallast á þá ráðstöfun eða undirbúa sig undir hana og kveðjast. Verði að telja það skilyrðislausu skyldu stefnanda að kanna afstöðu aðila til slíkra aðgerða áður en gripið sé til neyðarráðstöfunar, sér í lagi þar sem það liggi fyrir að stúlkan hafi ekki verið í nokkurri hættu í umsjá stefndu.

Stefnda telur að tillaga stefnanda um forsjárviptingu sé sama marki brennd og aðrar aðgerðir stefnanda gagnvart sér undanfarið ár. Hún sé í algjöru ósamræmi við aðstæður þeirra mæðgna og önnur og vægari úrræði séu betur til þess fallin að leysa vanda þann sem þær mæðgur hafa glímt við.

Jafnframt telur stefnda að úrskurður héraðsdóms hafi brotið í bága við grundvallarreglu 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/200, um að við úrlausn barnaverndarmála skuli beita þeim ráðstöfunum sem eru barni fyrir bestu og að hagsmunir barna skuli ætíð vera í fyrirrúmi.

Stefnda kveður dóttur sína nú á afar viðkvæmum aldri. Hún hafi náð þeim aldri og þroska að átta sig vel á aðstæðum og geri sér vel grein fyrir alvöru málsins. Inngrip af því tagi sem vistun utan heimilis og forsjárvipting er hafi nú þegar leitt til gríðarlegrar vanlíðunar hjá stúlkunni, en stúlkan hafi í bréfi til lögmanns stefndu kallað á hjálp. Af lestri bréfsins megi sjá að líðan stúlkunnar sé mjög slæm og andlegt ástand hennar alvarlegt. Ljóst sé að aðgerðir stefnanda hafi nú þegar sett mark sitt á dóttur stefndu, en verulegar líkur séu á því að vistun utan heimilis til 18 ára aldurs, án möguleika á endurskoðun, muni reynast stúlkunni þungbær reynsla sem hún verði lengi að vinna úr. Við skýrslutöku í Barnahúsi 27. nóvember 2008, vegna vistunarmálsins fyrir héraðsdómi, hafi stúlkan staðfest efni bréfsins og ítrekað vilja sinn til að fara heim og að henni liði illa af því að hún væri í fóstri. Stúlkan hafi látið það skýrlega í ljós við skýrslutökuna að vilji hennar stæði ekki til þess að vera í áframhaldandi vistun utan heimilis. Ljóst sé af framburði stúlkunnar að líðan hennar fjarri heimili sínu og fjölskyldu sé slæm og hún sakni móður sinnar og bróður sárt.

Stefnda tekur fram að framburður stúlkunnar 27. nóvember 2008 hafi ekki getað litast af samskiptum við stefndu þar sem samskipti þeirra hafi verið takmörkuð verulega af stefnanda, bæði hvað varði símtöl og heimsóknir. Umgengni hafi til að mynda átt að fara fram milli mæðgnanna daginn fyrir skýrslutökuna fyrir dómi, en stefnandi breytti því á þann veg að umgengnin færi fram eftir viðtalið. Stúlkunni hafi verið ofarlega í huga ýmis atriði varðandi framkomu barnaverndaryfirvalda og rétt sinn til talsmanns, enda hafi sálfræðingur sem við hana ræddi bent henni á hvað væri eðlilegt og lögmætt í málum sem þessu. Verði því framburður stúlkunnar ekki skýrður með neins konar áhrifum stefndu á barnið.

Stefnda kveður að ein helsta röksemd stefnanda fyrir ákvörðun sinni sé sú að stúlkan hafi verið félagslega einangruð í umsjá stefndu. Stefnda telur óforsvaranlegt að rífa barn á þessum aldri upp með rótum og senda að heiman vegna þess að það

eigi erfitt með að eignast vini. Ljóst sé að fjöldi íslenskra barna sé félagslega einangruð. Ástæður þess séu margvíslegar og vissulega eigi vinalaus og einmana börn í miklum erfiðleikum. Verði ekki gert lítið úr þeim vanda hér. Félagssleg einangrun barna geti þó aldrei réttlætt það að taka börn frá foreldrum sínum og vista þau utan heimilis. Verði slíkt að teljast í mikilli andstöðu við hagsmuni félagslega einangraðs barns þar sem foreldrar séu oft og tíðum þeirra eini félagsskapur. Í tilfalli dóttur stefndu sé hins vegar umdeilt hvort hún hafi í raun verið félagslega einangruð. Fullyrðingar stefnanda þess efnis virðist að miklu leyti byggjast á stöðu stúlkunnar á fyrstu skólaárum sínum. Staðan nú sé hins vegar önnur. Í skýrslu talsmanns stúlkunnar komi fram að stúlkan eigi tvær góðar vinkonur í bekknum sem hún hafi samband við nánast daglega.

Þegar meta skuli hvað börnum sé fyrir bestu beri meðal annars að taka tillit til núverandi aðstæðna barna og til þeirra afleiðinga sem ákvörðun geti haft á líf og líðan þeirra. Þegar tekið sé mið af aðstæðum á heimili stúlkunnar og þeim alvarlegu afleiðingum sem það geti haft fyrir barn að vera tekið af heimili sínu og úr forsjá foreldra verði ekki séð að sú ráðstöfun sé stúlkunni fyrir bestu. Það verði því ekki séð að forsjársvipting stefndu yfir stúlkunni þjóni hagsmunum hennar á neinn hátt.

Í ljósi ofangreinds sé ljóst að engin lagaskilyrði séu fyrir því að svipta stefndu forsjá dóttur sinnar. Með því yrði gengið mun lengra en nauðsyn krefji, auk þess sem úrræðið brjóti gegn mjög brýnum hagsmunum stúlkunnar um að fá að njóta stuðnings móður sinnar sem sé henni afar nán.

Í greinargerð stefndu gerir hún athugasemdir við foreldrahæfnismat Helga Viborgs sálfræðings. Stefnda telur að matið sé ekki unnið á nægilega vandvirkan og faglegan hátt. Helgi hafi aðeins hitt stefndu einu sinni í klukkustund. Þá hafi hann hvorki þekkingu né menntun til að meta læknisfræðileg atriði. Hlutverk hans hafi verið að meta hæfni hennar sem foreldris, en ekki líkamlegt ástand síðustu ár. Stefnda segir að þegar sjúkrasaga hennar sé skoðuð sé engum vafa undirorpið að hún hafi þurft að kljást við raunveruleg og alvarleg veikindi.

Um lagarök vísar stefnda til ákvæða barnaverndarlaga nr. 80/2002, einkum 4. og 29. gr. Einnig er vísað til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum til 12. gr. og hinnar almennu meðalhófsreglu.

Hvað varðar málskostnaðarkröfu er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

VI.

Í máli þessu krefst stefnandi þess að stefnda verði svipt forsjá dóttur sinnar sem er fædd 1995. Eins og rakið hefur verið með ítarlegum hætti hér að framan verða afskipti barnaverndaryfirvalda af stefndu og dóttur hennar rakin allt til ársins 1999, vegna gruns um kynferðislega misnotkun stúlkunnar af hálfu föður síns. Vorið 2003 komu upp áhyggjur hjá félagsmálayfirvöldum af mikilli fjarveru stúlkunnar úr skóla. Fram kemur í gögnum málsins að stefndu hafi verið boðinn stuðningur inn á heimilið en hún ekki viljað þiggja það. Stefnda hafi hins vegar samþykkt að stúlkan dveldi í eina viku í sumarbúðum. Haustið 2003 fór aftur að bera á slakri mætingu stúlkunnar í skóla. Stefnda fékk aðstoð félagsmálayfirvalda á heimili sínu við að koma stúlkunni í skóla, en eftir nokkurn tíma hætti það úrræði

að virka þar sem ýmist enginn kom til dyra hjá stefndu eða hún hafði tilkynnt um veikindi stúlkunnar.

Stúlkan dvaldi um sumarið 2004 í sex vikur í [...]. Virðist sú dvöl hafa gengið afar vel. Haustið 2004 fór enn á ný að bera á mikilli fjarveru stúlkunnar úr skóla. Úr varð að stúlkan fór í tímabundið fóstur í [...] frá janúar 2005 til júní 2007, en fór að jafnaði aðra hverja helgi til stefndu. Samkvæmt umsögn skólastjóra, vegna náms hennar þar, leið stúlkunni sérlega vel þennan tíma og var skólasókn hennar mjög góð, fyrir utan sex vikur vorið 2007 þegar stefnda hélt henni heima.

Eftir þessa tímabundnu dvöl í [...] flutti stúlkan aftur til stefndu og enn og aftur varð fjarvera stúlkunnar frá skóla mikil. Í desember 2007 samþykktu barnaverndaryfirvöld einhliða áætlun máls, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 90/2002, þar sem stefnda hefði ekki fengist til samvinnu. Lagt var til að beitt yrði þvingunarúrræðum svo stefnda myndi sjá til þess að stúlkan sækti skóla. Þá færi stúlkan tvær helgar í mánuði til stuðningsfjölskyldu í [...].

Í nóvember 2007 fóru félagsmálayfirvöld inn á heimili stefndu, eftir að þau höfðu árangurslaust reynt að ná sambandi við stefndu, í því skyni að fjarlægja stúlkuna af heimilinu. Ekki varð af því en mæðgurnar voru hins vegar fluttar á geðdeild Landspítalans.

Fyrir liggur að skólasókn stúlkunnar veturinn 2008 var mjög slök. Samkvæmt gögnum málsins reyndi stefnandi að komast að samkomulagi við stefndu um úrbætur en án árangurs þar til á fundi í júní 2008 þegar stefnda samþykkti stuðningsúrræði fyrir dóttur sína, sem fólust í því að stúlkunni var fékk talsmann, barnalækni og sálfræðiviðtöl. Jafnframt féllst stefnda á að gangast undir foreldrahæfnismat hjá Helga Viborg sálfræðingi. Í mati hans, dags. 10. september 2008, kemur m.a. fram að stefnda sé mjög slæm fyrirmynd fyrir dóttur sína og vanhæf til að sinna ýmsum skyldum uppalandans. Þá væri hún ekki líkleg til samstarfs við barnaverndaryfirvöld. Stefnandi ákvað í september 2008 að vista stúlkuna tímabundið utan heimilis á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga og fór starfsmaður stefnanda á heimili stefndu til að tilkynna henni það. Þar kom til átaka og liggur fyrir að stefnda gekkst undir viðurlagaákvörðun fyrir brot gegn valdstjórninni. Í október 2008 ákvað stefnandi svo að taka stúlkuna af heimilinu og senda hana í fóstur. Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 682/2008 var fallist á að hún skyldi vistuð utan heimilis frá 6. október 2008 til og með 1. júní 2009. Í apríl 2009 leitaði stefnandi eftir því við stefndu að stúlkan yrði vistuð lengur, en stefnda var mótfallin því.

Af þessu sést að barnaverndaryfirvöld hafa beitt ýmsum þeim úrræðum sem barnaverndarlög heimila til stuðnings stúlkunni og stefndu, en þau hafa ekki skilað árangri. Stefnda hefur útskýrt fjarveru stúlkunnar úr skóla undanfarin ár með því að stúlkan hafi verið veik, en hún hafi haft astma, mígreni, barnaliðagigt og þjáðst af miklum tíðablæðingum.

Helgi Viborg sálfræðingur, sem framkvæmdi foreldrahæfnismat á stefndu, telur líf stefndu snúast um sjúkdóma og veikindi. Þetta komi óneitanlega niður á dóttur hennar sem hún ofverndi og ali upp í sama lífsmunstri og hún sé sjálf föst í. Eitt einkenni þess sé að stúlkan fái að stjórna sér of mikið sjálf, eins og varðandi skólasókn. Sálfræðingurinn telur stefndu hafa lítinn vilja til samstarfs við

barnaverndaryfirvöld. Að áliti Óttars Guðmundssonar geðlæknis er stefnda með persónuleikaröskun sem einkennist af vænisýki og miklum ósveigjanleika. Hann telur, hafi dóttir stefndu verið laus við veikindi og ekki þurft lyf þegar hún var í fóstri, að samband sé milli veikinda stúlkunnar og hugarástands stefndu, þ.e. að stefnda sé með svokallað Munchausen by proxy. Hann telur miklar líkur á því að vandamál og heilsuleysi stúlkunnar taki sig upp á ný flytjist hún aftur til stefndu. Hann telur jafnframt að stefnda sé ákaflega ósveigjanlegur einstaklingur og litlar líkur á því að hún breytist.

Samkvæmt niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, Brynjars Emilssonar sálfræðings og Sigurðar Páls Pálssonar geðlæknis, er forsjárhæfni stefndu skert. Kemur stefnda sérstaklega illa út í svokölluðu ASPECT-matskerfi hvað varðar hegðun og viðhorf hennar. Stefnda hefur ekki verið greind með geðsjúkdóm, en hún er talin hafa talsverð merki um aðsóknarpersónuleikaveilu. Matsmenn telja hana ósveigjanlega og eiga erfitt með að sýna samvinnu. Hún sé sjálfmiðuð og óeðlilega tortryggin. Matsmennirnir telja stefndu að mörgu leyti hæfan uppallanda, en hún ofverndi dóttur sína fyrir sjúkdómum og hafi ekki innsæi í þarfir dóttur sinnar. Þannig einblíni hún um of á líkamleg einkenni dóttur sinnar, sem virðist að hluta til vera vegna andlegrar vanlíðunar. Hætta sé á að stúlkan fái ekki eðlileg uppvaxtarskilyrði og mikilvægt sé að skólaganga hennar truflist ekki frekar. Þá telja matsmennirnir verulega hættu á því að stúlkan verði ofmeðhöndluð með lyfjum og andlegar þarfir hennar vanræktar. Fari stúlkan aftur til stefndu sé hætta á því að sama sagan endurtaki sig með skólasókn hennar. Stefnda er ekki talin líkleg til samvinnu við barnaverndaryfirvöld.

Að mati dómsins er hin mikla fjarvera dóttur stefndu frá skóla óásættanleg og verður ekki réttlætt með líkamlegum einkennum hennar. Þau geta hvorki ein og sér eða heildstætt skýrt fjarveru hennar frá skóla. Eins og fram hefur komið hjá þeim sérfræðingum sem hafa rætt við stefndu þá ofverndar hún mjög dóttur sína og hefur ekki innsæi í líðan hennar eða þarfir. Einnig á stefnda erfitt með að setja dóttur sinni mörk og sýna henni aðhald. Að þessu leyti telur dómurinn daglegri umönnun og uppeldi stúlkunnar alvarlega ábótavant. Sú staðreynd að stúlkunni hefur vegnað vel þegar hún hefur verið í fóstri, og ekki átt í sérstökum erfiðleikum með líkamleg einkenni og skólasókn, styður það að tengsl séu milli viðhorfa stefndu og vandamála stúlkunnar. Við upphaf aðalmeðferðar málsins var lagt fram skjal um þau lyf sem ávísað hefur verið á stefndu og dóttur hennar í lyfjaverslun Lyf og heilsu ehf., á tímabilinu 1. janúar 2008 til 11. desember 2009. Þar sést að stefnda hefur fengið ávísað á sig fjölmörgum lyfjum, sumum í miklu magni á skömmum tíma, m.a. róandi lyfjum, svefnlyfjum og sterkum verkjalyfjum sem virka á svipaðan hátt og morfín. Fyrir liggur í málinu að þegar stúlkan var í fóstri sendi stefnda henni fjölmörg lyf, m.a. alprazolam (Paxal®, Tafil®) sem hefur róandi, kvíðastillandi, krampastillandi og vöðvaslakandi áhrif. Dómurinn lítur þetta alvarlegum augum og tekur undir með matsmönnum að telja verði verulega hættu á því að stefnda ofmeðhöndli stúlkuna með lyfjum og vanræki andlegar þarfir hennar. Líkamlegri og andlegri heilsu stúlkunnar er að þessu leyti hætta búin. Þótt það sé vilji stúlkunnar að vera hjá móður sinni verður dómurinn fyrst og fremst að horfa til hagsmuna stúlkunnar. Enn fremur verður að líta til þess að þótt stúlkan hafi sagt fyrir dómi að hún ætli sér að mæta alltaf í skólann, fái hún að fara aftur til stefndu, þá er hún of ung til hægt sé að treysta því.

Þegar litið er til alls framangreinds, fyrirliggjandi matsgerðar, vitnisburðar matsmanna og annarra sérfræðinga fyrir dómi, verður að telja að þarfir og hagsmunir dóttur stefndu krefjist þess að stefnda verði svipt forsjá hennar, sbr. a- og d-lið 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Önnur og vægari úrræði hafa þegar verið reynd en þau ekki komið að haldi. Verður því ekki fallist á með stefndu að ekki hafi verið gætt meðalhófs við meðferð málsins eða að aðrar málsmeðferðarreglur hafi verið brotnar. Sérstaklega skal tekið fram, vegna athugasemda stefndu um að henni hafi ekki verið tilkynnt fyrirfram um neyðarráðstöfun stefnanda samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga, að slík ráðstöfun fer fram án undangenginnar málsmeðferðar samkvæmt VIII. kafla laganna sem m.a. kveður á um andmælarétt. Með hliðsjón af viðhorfum stefndu og framburði hennar fyrir dómi, um að hún þurfi ekki á aðstoð eða stuðningi að halda, þykir stefnda ekki líkleg til samvinnu við barnaverndaryfirvöld. Samkvæmt framansögðu er krafa stefnanda um forsjársviptingu tekin til greina.

Stefnandi gerir kröfu um að málskostnaður verði felldur niður. Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Guðríðar Láru Þrastardóttur hdl., sem þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu og tilkynningu dómstólaráðs nr. 5/2009, 1.012.185 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Páli Matthíassyni geðlækni og Þorgeiri Magnússyni sálfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefnda, A, skal svipt forsjá dóttur sinnar, B.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Guðríðar Láru Þrastardóttur héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 1.012.185 krónur.

Sandra Baldvinsdóttir

Páll Matthíasson

Þorgeir Magnússon